



Umhverfis stjórnunar kerfi

– ársskýrsla 2013

RITSTJÓRI

Ástríður Elín Jónsdóttir

RITHÓPUR

Anna Sigurveig Ragnarsdóttir

Björn Gunnlaugsson

Elva Rakel Jónsdóttir

Jóhanna Björk Weissshapel

Kristinn Valtýsson

Steinar Rafn Beck Baldursson



efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| STAÐFESTING ENDURSKOÐANDA | 3 |
| INNGANGUR | 4 |
| UMHVERFISSTEFNA OG MARKMIÐ..... | 5 |
| Umhverfisstefna | 5 |
| Markmið Umhverfisstofnunar í umhverfismálum..... | 5 |
| STOFNUNIN OG UMFANG KERFISINS | 6 |
| LÝSING Á STARFSSTÖÐVUM OG STARFSEMI..... | 7 |
| NIÐURSTÖÐUR GRÆNS BÓKHALDS 2012-2013..... | 10 |
| Orku- og auðlindanotkun | 10 |
| Markmið 10 | |
| Umfjöllun um niðurstöður | 10 |
| Markmið fyrir næsta ár | 13 |
| Aðföng –keypt vara og þjónusta | 14 |
| Markmið 14 | |
| Umfjöllun um niðurstöður | 14 |
| Stefna fyrir næsta ár..... | 18 |
| Ferðalög .. | 19 |
| Markmið 19 | |
| Umfjöllun um niðurstöður | 19 |
| Markmið fyrir 2014 | 21 |
| Úrgangur og flokkun..... | 21 |
| Markmið 21 | |
| Umfjöllun um niðurstöður | 21 |
| Markmið fyrir næsta ár | 23 |
| Fræðsla og skilvirkni..... | 24 |
| Markmið 24 | |
| Markmið fyrir næsta ár | 25 |
| SAMANTEKT | 26 |
| Helstu niðurstöður | 26 |
| ÁÆTLUN FYRIR 2014 | 27 |
| Eftirfarandi áherslur hafa verið lagðar:..... | 27 |

Staðfesting endurskoðanda

Ráðgjafarfyrtækið Alta hefur endurskoðað grænt bókhald og umhverfisskýrslu Umhverfisstofnunar fyrir árið 2013 og staðfestir hér með að:

- Umhverfisstofnun vaktar þýðingarmikla umhverfisþætti í rekstri sínum og gefur umhverfisskýrslan yfirlit um þann árangur sem náðst hefur á árinu.
- Umhverfisskýrslan inniheldur þær upplýsingar sem hún á að innihalda samkvæmt 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald.
- Birtar upplýsingar eru í samræmi við gögn úr bókhaldi Umhverfisstofnunar.

Reykjavík 28. apríl 2014



Hulda Steingrimsdóttir
Umhverfisfræðingur hjá Alta

Inngangur

Umhverfisstofnun vill vera leiðandi í umhverfisstjórnun með því að minnka notkun auðlinda og lágmarka úrgang vegna starfsemi sinnar. Umhverfisstofnun hefur tekið saman grænt bókhald og gefið út um það skýrslur árlega frá árinu 2010. Áherslur ársins 2013 voru fræðsla til starfsmanna um umhverfisstarf og flutningur á ábyrgð á skráningu græns bókhalds.

Skipulagsbreytingar innan stofnunarinnar gáfu tækifæri til að endurskoða umhverfisstarfið. Ákveðið var að færa ábyrgð á grænu bókhaldi yfir á nýstofnað rekstarteymi en þetta fyrirkomulag færir starfið nær þeim aðilum sem gegna stærstum hlutverkum í innkaupum og almennum rekstri auk þess sem teymið fær betri yfirsýn yfir umhverfismálin í daglegu starfi. Umhverfishópnum var í framhaldi breytt í umhverfisráð sem nú mun öðru fremur vinna úr upplýsingum úr grænu bókhaldi og vinna með hugmyndir um hvernig hægt er að ganga enn lengra í umhverfisstarfi.

Lögð var mikil áhersla á fræðslu til starfsmanna þetta árið. Annan hvern starfsmannafund var boðið upp á fræðslu um umhverfisstarfið, innkaupaaðilum og starfsmönnum á gestastofum ásamt starfsmönnum þjóðgarða var boðið á sérstakan fræðslufund í apríl og fulltrúi Gámaþjónustunar kom í heimsókn á Umhverfisstofnun og var með fræðslu um plastúrgang.

Árið 2013 var viktun á óflokkuðum úrgangi færð til birgja og vinnu seinasta árs við stækkun á umfangi kerfisins var haldið áfram. Starfsfólki stendur enn til boða að skrifa undir samgöngusamning sem felst í að hvetja fólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til og frá vinnustað.

Í skýrslunni er tekið saman grænt bókhald fyrir starfsemi Umhverfisstofnunar 2013 og niðurstöður bornar saman við niðurstöður bókhaldsins frá árinu áður. Skýrslunni er skipt upp eftir hverjum umhverfisþætti og að lokum er fjallað um hvernig Umhverfisstofnun hyggst bregðast við niðurstöðunum á árinu 2014.

Umhverfisstefna og markmið

Umhverfisstefna

Stefna Umhverfisstofnunar er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Markmiðið er að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af starfsemi stofnunarinnar. Stofnunin mun leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvarðanatöku sinni og þjónustu.

Umhverfisstofnun mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hennar sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. Sjálfbær þróun er höfð að leiðarljósi í allri starfsemi stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14001.

Markmið Umhverfisstofnunar í umhverfismálum

- Innkaup stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta verða valin umfram aðrar.
- Neikvæð umhverfisáhrif vegna notkunar samgöngutækja á vegum Umhverfisstofnunar verði lágmarkuð. Notkun á hráefnum, orku og vatni sömuleiðis. Árlega verður birt endurskoðað grænt bókhald á vef stofnunarinnar.
- Endurnýtanlegur úrgangur verði flokkaður og skilað til endurnýtingar.
- Spilliefnum verði skilað til viðurkenndra móttökuaðila.

Fræðsla til starfsfólks um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði aukin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænni lífsstíl.

Stofnunin og umfang kerfisins

Umhverfisstofnun tók til starfa 1. janúar 2003 þegar þrjár stofnanir voru sameinaðar; Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og Veiðistjóraembættið ásamt þremur ráðum. Stofnunin er með ný starfsstöðvar á landinu og nær umhverfisstjórnunarkerfið nú til þeirra allra.

Aðalskrifstofunnar á Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, skrifstofunnar á Borgum við Norðurslóð á Akureyri, skrifstofunnar á Tjarnarbraut 39 á Egilsstöðum, skrifstofunnar í Mánagötu 2 á Ísafirði, skrifstofunnar á Hraunvegi 8 á Mývatni, skrifstofunnar í Aðalstræti 63 á Patreksfirði, skrifstofunnar í verzlun og skrifstofuhúsinu Miðjunni við Suðurlandsveg á Hellu, skrifstofunnar við Klettsbúð 7 á Hellissandi (og einnig Gestastofu á Hellnum) og skrifstofu og Gestastofu á Heiðarvegi 1 í Vestmannaeyjum.

Árið 2013 voru hjá Umhverfisstofnun alls 80 starfsmenn að störfum í 77,1 stöðugildi. Í Reykjavík voru 56,6 stöðugildi, 9,5 stöðugildi á Akureyri, þrjú á Snæfellsnesi, tvö á Egilsstöðum og á Hellu en á Ísafirði, Mývatni, Patreksfirði og í Vestmannaeyjum er eitt stöðugildi á hverjum stað.

Í stjórn Umhverfisstofnunar eru forstjóri og sviðsstjórar.

Lýsing á starfsstöðvum og starfsemi

Meginhlutverk Umhverfisstofnunar er að stuðla að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda.

Reykjavík Starfsstöð stofnunarinnar í Reykjavík er staðsett við eina af stærri umferðargötum borgarinnar í hverfi fyrir atvinnuhúsnæði. Byggingunni er deilt með öðrum fyrirtækjum en þar sem stofnunin nær yfir stóran hluta byggingarinnar er orkunotkun og sorp reikningsfært sér. Starfsemi Umhverfisstofnunar fer að mestu fram í Reykjavík. Þar eru starfandi svið umhverfisgæða, svið fjármála- og rekstrar, svið fræðslu- og upplýsinga, svið laga- og stjórnsýslu og hluti af sviði náttúruauðlinda.

Akureyri Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Akureyri er í stórri skrifstofubyggingu, Borgum, sem stendur á opnu svæði en Umhverfisstofnun nýtir eingöngu lítið rými í allri byggingunni. Sökum þessa er erfiðara að stýra umhverfispáttum s.s. orkunotkun og sorpi þar en í Reykjavík en í byggingunni er allt sorp flokkað.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Akureyri er veiðistjórnun, dýravernd og almenn lífríkismál. Starfsemi skrifstofunnar teygir anga sína einnig inn á svið fræðslu- og upplýsinga en tveir starfsmenn á skrifstofunni sinna þeim störfum.

Snæfellsnes Starfsstöð þjóðgarðsins Snæfellsjökuls er á tveimur stöðum. Skrifstofa þjóðgarðsins er á Hellissandi á neðri hæð húss sem fyrrum var pósthús. Á sömu hæð er símsstöð en á efri hæðinni er íbúð sem hótél staðarins á. Gestastofa þjóðgarðsins er í fyrrum fjárhúsi á Hellnum sem gert var upp fyrir nokkrum árum. Í húsinu er einnig rekið kaffihús. Þriðji starfsmaður Umhverfisstofnunar er með vinnuástöðu á skrifstofu Snæfellsbæjar. Í því húsi en einnig Félags- og skólaþjónusta bæjarins. Úrgangur starfsstöðvanna er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Tveir starfsmenn Umhverfisstofnunar í Snæfellsbæ hafa umsjón með þjóðgarðinum Snæfellsjökli ásamt friðlöndunum Búðahrauni og ströndinni við Arnarstapa og Hellna. Þeir annast einnig rekstur gestastofu þjóðgarðsins sem er á Hellnum. Þriðji starfsmaður stofnunarinnar vinnur að gerð verndaráætlana og annast verkefni tengdum umhverfisábyrgð.

Egilsstaðir Starfsstöð Umhverfisstofnunar á Egilsstöðum er staðsett í Vonarlandi. Húsin sem mynda Vonarland standa á grónum og skógi vöxnum ási yst í þéttbýlinu á Egilsstöðum, spölkorn frá annarri byggð. Umhverfisstofnun deilir skrifstofuhúsnæði með Náttúrustofu Austurlands, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Matvælastofnun. Í tengdum byggingum eru skrifstofur annarra

opinberra aðila, Starfstöðin á Egilsstöðum hefur umsjón með hreindýraveiðum að meginhlutverki. Önnur verkefni tengjast náttúruvernd, friðlýsingum og fleiru.

Hella Skrifstofa Umhverfisstofnunar á Helli er í skrifstofu- og verslunarhúsnæðinu Miðjunni við Suðurlandsveg. Umhverfisstofnun hefur aðsetur á lítilli skrifstofu á 2. hæð hússins, en þar eru að auki skrifstofa sveitarfélagsins Rangárbings ytra og ýmis þjónusta. Kaffistofa er samnýtt með nokkrum þeirra. Líkt og á fleiri starfsstöðvum Umhverfisstofnunar á landsbyggðinni er erfiðara að stýra umhverfispáttum, s.s. orkunotkun og sorpi, þar en í Reykjavík. Allur grófur úrgangur sem til fellur við landvörslu á svæðinu er flokkaður og fluttur í viðeigandi gáma.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Helli eru náttúruvernd og friðslýsingar, auk leyfisveitinga og umsagna. Starfsvettvangur svæðalandvarðar á Suðurlandi, sem er annar starfsmanna stofnunarinnar á Helli, nær yfir stóran hluta Suðurlands, allt austur að Skeiðarársandi.

Ísafjörður Á Ísafirði er skrifstofan í húsnæði við aðalgötu bæjarins. Engin önnur starfsemi er í húsinu en íbúð er á efri hæð hússins. Starfsstöðinni fylgir 20 fermetra landvarðahús í friðlandinu og er það kynnt með gasi en rafmagn er framleitt með sólarcellum. Starfsemi í því húsi fer eingöngu fram á sumrin. Allur úrgangur sem til fellur í landvarðahúsinu er fluttur til förgunar á Ísafirðiog úrgangur frá starfsemi stofnunarinnar er flokkaður samkvæmt kerfi sveitarfélagsins.

Meginverkefni starfsstöðvarinnar á Ísafirði er umsjón með Hornstrandafriðlandinu. Auk verkefna tengdum Hornströndum hefur starfsmaður umsjón með landvarðanámskeiði stofnunarinnar.

Mývatnssveit Einn starfsmaður er í Mývatnssveit og deilir hann húsnæði með Vatnajökulsþjóðgarði og Mývatnsstofu ehf. Gestastofan er staðsett í gamla Kaupfélaginu við hlið verslunarinnar í sveitinni við þjóðveg 1. Sveitarfélagið býður ekki upp á sorpflokkun en starfsmenn fyrirtækjanna í húsinu hafa tekið sig saman og flokka rafhlöður, plast og pappa sem einhver tekur með sér þegar farið er til Akureyrar eða Húsavíkur.

Í Mývatnssveit snýst starfsemi stofnunarinnar að stærstu leyti um eftirlit og rekstur verndarsvæðis Mývatns og Laxár og rekstur Mývatnsstofu.

Patreksfjörður Á Patreksfirði er starfsemin í hefðbundnu skrifstofuhúsnæði og stendur byggingin miðsvæðis við aðalgötu Patreksfjarðar á opnu svæði með útsýni yfir fjörðinn. Orkunotkun og úrgangur er reikningsfærð sameiginlega með bæjarskrifstofu Vesturbyggðar.

Meginverkefni starfsstöðvar Látrastofu á Patreksfirði er stjórnun og umsjón friðlýstra svæða á sunnanverðum Vestfjörðum.

Vestmannaeyjar Í Vestmannaeyjum er starfsemin með skrifstofu í sama húsnæði og gestastofan. Um er að ræða rými á fyrstu hæð í byggingu við eina af aðalumferðargötum bæjarins. Á efri hæðum byggingarinnar er rekið gistiheimili.

Umhverfisstofnun í Vestmannaeyjum hefur umsjón með Surtseyjarfriðlandinu og rekstri Surtseyjarstofu sem er gestastofa friðlandsins.

Grænt bókhald

Umhverfisstofnun heldur grænt bókhald með það að meginsjónarmiði að fylgjast með umhverfisþáttum starfseminnar til að mæla umhverfislegan ávinning og einnig að varða veginn og gefa öðrum gott fordæmi á þessu sviði. Helstu umhverfisþættir starfseminnar eru orku- og auðlindanotkun, aðföng - keypt vara og þjónusta, ferðalög og úrgangur.

Niðurstöður græns bókhalds 2012-2013

Hér koma upplýsingar um þá umhverfisþætti sem fylgst var með í grænu bókhaldi Umhverfisstofnunar 2012 og 2013. Umhverfisstofnun hefur unnið grænt bókhald frá árinu 2009 en árið 2013 var tekið upp staðlað form Vinn.is fyrir grænt bókhald sem framvegis verður unnið með. Einhver munur er á eldri útgáfu græna bókhaldsins sem áður var unnið með og skjali Vinn.is og gerir það samanburð milli ára í einhverjum tilfellum erfiðari.

Orku- og auðlindanotkun

Markmið

Stefnan fyrir árið 2013 var að skoða sveiflur yfir lengri tímabil. Ef skoðaðar eru tölur allt frá 2009 þá má sjá að rafmagnsnotkun dregst saman smám saman en notkun á heitu vatni eykst. Ekki er einfalt að útskýra með afgerandi hætti hvernig stendur á því en leiða má líkur að því að veðurfar og mismikil afköst snjóbræðslukerfisins ráði þar einhverju um.

Umfjöllun um niðurstöður

Upplýsingar um orkunotkun Umhverfisstofnunar á Suðurlandsbraut 24 fengust af heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur, undir **Orkan mín**. Þar er orkunotkun sundurliðuð eftir notkunarmælum.

Kalt vatn

Notkun á köldu vatni fæst ekki aðgreind eftir hæðum húsnæðis en engu að síður er gagnlegt að fá yfirsýn á milli ára yfir notkun á köldu vatni til að átta sig á neyslumunstri og kanna möguleika á aukinni nýtni eða hagræðingu.

Tafla 1: Notkun á köldu vatni (m³) hjá Umhverfisstofnun árin 2011 til 2012.

| | 2011 (m ³) | 2012 (m ³) | 2013 (m ³) |
|-------------|------------------------|------------------------|------------------------|
| Allar hæðir | 2639 | 3095 | 2412 |

Heitt vatn

Hér að neðan má sjá samanburð á notkun á heitu vatni frá 2011 til 2013 en mælur fyrir heitt vatn eru á hverri hæð. Sjá má aukningu í notkun á heitu vatni á 4. hæð milli áráanna 2011 og 2012 en þá var bakhúsi á fjórðu hæð bætt við leigusamning stofnunarinnar. Notkun á heitu vatni dregst einnig lítilega saman nema í snjóbræðslunni þar sem notkunin er aftur að aukast líkt og gerðist árið 2011. Haft var samband við húseigendur og verður athugað hvort ástæða sé til að endurnýja búnað

Tafla 2: Notkun á heitu vatni (m³) hjá Umhverfisstofnun árin 2011 til 2013

| | 2011 (m ³) | 2012 (m ³) | 2013 (m ³) |
|---------------------------|------------------------|------------------------|------------------------|
| 3. hæð | 1017 | 927 | 897 |
| 4. hæð | 876 | 1891 | 1776 |
| 5. hæð | 656 | 720 | 637 |
| Sameign og kjallari | 2081 | 1822 | 1478 |
| Snjóbræðsla | 4851 | 1611 | 3207 |
| Samtals (m ³) | 9481 | 6971 | 7995 |

Mynd 1: Notkun á heitu vatni (m³) á Umhverfisstofnun samanburður á milli áráanna 2011-2013.

Raforkunotkun


Rafmagnsnotkun hefur dregist lítillega saman á milli ára en helst þó að mestu leyti stöðug. Að neðan má sjá töflur og mynd af raforkunotkun stofnunarinnar, hér eru settar fram kílóvattstundir til að auðvelda samanburð milli ára en ekki vísitala, þ.e. orkunotkun á stöðugildi eða rúmmetrafrjöldu. Bakhús á fjórðu hæð sem tekið var í notkun 2011 er ástæða fyrir því að á fjórðu hæð er meiri raforkunotkun en á þeirri þriðju sl tvö ár.

Tafla 3: Raforkunotkun (kWst) hjá Umhverfisstofnun árin 2011 til 2013.

| | 2011 (kWst) | 2012 (kWst) | 2013 (kWst) |
|--------------|-------------|-------------|-------------|
| 3. hæð | 21289 | 20147 | 19732 |
| 4. hæð | 26402 | 37242 | 33866 |
| 5. hæð | 43857 | 47973 | 45102 |
| Sameign | 2940 | 3559 | 3083 |
| Bílageymslur | 25225 | 17224 | 17224 |


| | | | |
|-----------------------|---------------|---------------|---------------|
| Kjallari | 17154 | 17778 | 12643 |
| Samtals (kWst) | 136867 | 143923 | 131650 |

Notkun á rafmagni (kWst)




Mynd 2: Raforkunotkun (kWst) á Umhverfisstofnun – samanburður á milli ára 2011-2013.

Til glöggvunar er hægt að draga saman upplýsingarnar eingöngu fyrir árið 2013 og skoða hvernig orkunotkun dreifist á milli hæða og sameignar (kjallara og bílageymslu), sjá mynd 3. Þá sést hve stór hluti snjóbræðslan er af heildarnotkun. Mikil rafmagnsnotkun á 5. hæðinni endurspeglar það að mötuneyti stofnunarinnar er staðsett á þeirri hæð með tilheyrandi orkufrekum tækjabúnaði.



Heitt vatn 2013



Mynd 3: Notkun á heitu vatni (m³) og rafmagni (kWst) á Umhverfisstofnun árið 2013.

Markmið fyrir næsta ár

Markmið varðandi orku- og vatnsnotkun hefur hingað til verið að afla gagna og fylgjast með notkun. Þær upplýsingar sem gagnaöflunin hefur skilað nú þegar hafa reynst afar gagnlegar og gefið möguleika á að koma í veg fyrir óþarfa sóun um lengri tíma, sbr. snjóbræðsla að sumri árið 2011.

Markmið fyrir 2014 verða að:

Nýta yfirlitið betur innan rekstrarteymis stofnunarinnar, til að fylgjast með frávikum og bregðast við.

Auka fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsmanna um mikilvægi þess að fara sparlega með rafmagn og heitt vatn.

Aðföng –keypt vara og þjónusta

Markmið

Markmið fyrir aðfangaflokkana árið 2013 var eftirfarandi:

- að stýra innkaupum markvisst að umhverfisvottaðri vöru þ.e. í þeim flokkum þar sem betur má gera.
- að hlutfall umhverfismerkra prenthylkja verði 100%.
- að dregið verði úr notkun prentpappírs og handþurrka.
- að keyptar verði rafmagnsþurrkur á salerni ef fjármunir eru til.
- að bæta við birgðartalningu á fleiri vöruflokkum sem fylgst er með.

Umfjöllun um niðurstöður

Pappírnotkun

Seinni hluta ársins 2012 var innleidd fjölnotaprentlausn með kortalesara þannig að öll prentverk skrást nú á notanda. Tilgangur innleiðingar var að draga úr prentnotkun. Þar sem nánast allur pappír er talinn frá prenturum var því var engin birgðatalning um áramót. Við nýja siði skapast ný vandamál og svo virðist sem talning prentverks sé ekki 100% áreiðanleg þ.e. við prentun einblöðungs virðist vélarnar oft á tíðum telja sem tvö. Vegna þessa hefur söluaðilinn fengið kvörtun til skoðunar og útbóta. Í skýrslu ársins 2013 er hins vegar notast við talningu frá prenturum því það eru einu upplýsingarnar sem liggja fyrir, þó líklega þær séu ekki 100% réttar sbr. hér að ofan. Við samanburð milli 2012 og 2013 kemur í ljós að notkun pappírs kg/stöðugildi hefur aukist um 15% þ.e. úr 18,5kg 2012 í 21,8 kg 2013, en pappírnotkun Akureyrarstarfstöðvar er nú inn í heild. Ætlunin var með þessari innleiðingu megi draga úr prentnotkun en samkvæmt ofanrituðu hefur ekki tekist.

| 2013 | | | | | | | |
|------------------|------------------|----|---------|---------------|--------------------------------------|---------|-------|
| Skrifstofupappír | | | | | | | |
| 2013 | Vöruheiti | kg | kr | kg/stöðugildi | ...þar af umhverfis- merktur (kg) | % | Tré |
| | Skrifstofupappír | | 1683,00 | 21,83 | 1683,00 | 100,00% | 25,25 |
| | Samtals | | 1683,00 | 21,83 | 1683,00 | 100,00% | 25,25 |

Árið 2013 notaði stofnunin
100,99 km af pappír

Mynd 4: Skrifstofupappír - allar starfsstöðvar

Prentihylki

Innkaup á prentihylkjum er mjög sveiflukennd þar sem örfáir prentarar eru í notkun. Prentihylki voru 0,30 stk á stöðugildi 2013. Ástæða þessa er sú breyting á tækjabúnaði sem stofnunin tók í notkun í október 2012, að einungis eru notaðir prentarar með vaxprentkubbum sem settir eru í prentihylkjahólf prentarana og nýtast 100% á prentverkin. Ekki hafa verið til vistvæn prentihylki í þá fáu prentara sem enn eru í notkun en ætlunin er að þessir prentarar verði ekki áfram í notkun og því hverfandi vandamál. Einhver misskilningur hefur átt sér stað á síðasta ári er varðar grænt bókhald þar sem fært var inn samkvæmt upplýsingum frá innkaupafólki að prentihylki hafi verið 100% umhverfisvæn, en svo var ekki.


Skrifstofuvélar og tölvubúnaður

Innkaup á skrifstofuvélum og tölvubúnaði drógust saman á milli ára eða frá 0,62 tækjum/stöðugildi á árinu 2012 yfir í 0,38 á stöðugildi 2013, en stöðugildin eiga við um allar starfsstöðvar stofnunarinnar. Ástæður fyrir minnkun þessari er að fjárheimildir hafa verið skertar verulega á liðnum árum en undir þennan lið 2013 falla tölvu – GSM- og símabúnaður. Ávallt er horft til umhverfismerkra vara í þessum flokki við ákvörðun á innkaupum. Hins vegar hefur ekki verið mikil úrval af umhverfisvottuðu vörum í þessum flokki. Sem dæmi má nefna voru buðust engar umhverfisvottaðar tölvur á markaði sem uppfylltu kröfur stofnunarinnar við síðustu tölvuinnaup.

Prentverk

Alls voru pöntuð 11 stærri prentverk á árinu 2013. Af þeim voru 10 verk pöntuð frá Svansvottuðum prentverksmiðjum. Hlutfallstalan er þó ekki nema 71,02% í grænu bókhaldi þar sem tölurnar eru gefnar upp í krónum en ekki fjölda prentverkar. Í þessu eina tilfelli þar sem vottun vantar var um að ræða prentun norðan heiða og á þeim tíma var ekki völ á Svansvottaðri prentþjónustu þar. Grænt


bókhald er unnið á fyrstu mánuðum ársins hjá Umhverfisstofnun, á sama tíma og viðkomandi prentverk er sent í prentun, og upplýsingar um breyttar áherslur því ekki komnar til innkaupaáðila. Viðkomandi skýrsla verður því pöntuð hjá Svansvottaðri prentsmiðju árið 2014.




Mynd 5: Hlutfall umhverfisvænnar prentþjónustu hjá Umhverfisstofnun

Ræstiefni

Ræstiefni notuð á Suðurlandsbraut 24: Nær öll hreinsiefni sem notuð voru árið 2013 í eldhúsi og við þrif á 3. hæð, sem og á 4. og 5. hæð hússins sem ISS á Íslandi sér um, voru umhverfismerkt (Svanurinn og Evrópublómíð) eða 99,7%. Eina undantekningin var RV glersprey notað á 3. hæð. Hlutfall umhverfismerkra hreinsivara árið 2012 var eilítið lægra, eða 98,7%, og fellst munurinn í því að öll hreinsiefni notuð hjá ISS eru umhverfismerkt.



Mynd 6: Hlutfall (%) umhverfismerks ræstiefnis, notuð á Suðurlandsbraut 24 árin 2012 og 2013.



Mynd 7: Ræstiefni /stöðugildi notuð á Suðurlandsbraut 24 árin 2012 og 2013.

Árið 2013 voru í fyrsta sinn fengnar tölur yfir magn og gerðir hreinsiefna frá ISS (notuð á 4. og 5. hæð). Í eldhúsi eru allar hreinsivörur umhverfismerktar en sápa í uppþvottavél inniheldur þó ætandi efni (vítissóða). Staðfest hefur verið frá innflytjendum að ekki er mögulegt að fá slíka sápu án ætandi efnis hér á landi.

Samanburður á magni hreinsivara á milli árána 2012 og 2013 sýnir að meira hafi verið notað af hreinsivörum á hvert stöðugildi árið 2013 eða 3,17 kg/stöðugildi á móti 2,22 kg/stöðugildi árið 2012. Í þessum samanburði eru ekki teknar með vörur notaðar hjá ISS því að magntölum hreinsivara hjá þeim voru ekki teknar saman árið 2012 eins og kom fram hér fyrir ofan. Munur á notkun hreinsivara á hvert stöðugildi á milli árána 2012 og 2013 skýrist líklega að mestu leyti í því að litlar birgðir voru

til frá árinu á undan en ekki af minni notkun á þessum efnunum. Ákveðið hefur verið að gera ekki birgðatalningu því ávinningur af henni er ekki talinn svara erfiðinu.

Ræstiefni notuð á öðrum starfsstöðvum: Á Akureyri sér ISS á Íslandi um þrif starfsstöðvarinnar og eru öll hreinsiefni sem notuð eru umhverfismerkt og sömu gerðar og notuð eru við þrif á starfstöð Umhverfisstofnunar í Reykjavík. Á starfsstöðvum á Ísafirði, Snæfellsjökulsþjóðgarði, Patreksfirði, Mývatni og Vestmannaeyjum eru sömuleiðis eingöngu notaðar umhverfismerktar hreinlætisvörur. Í starfstöðinni á Egilsstöðum er Umhverfisstofnun í húsi með annarri starfsemi m.a. heilbrigðiseftirliti Austurlands. Fram til þessa hefur þess ekki verið gætt að því að eingöngu séu notaðar umhverfismerktar hreinsivörur. Magn hreinsivara hefur ekki verið tekið saman á starfsstöðvum úti á landi.

Hreinslætis pappír notaður á Suðurlandsbraut 24:

Innkaup á pappír í eldhús og á salerni minnkuðu á milli áráanna 2012 og 2013 úr 6,52 kg/á stöðugildi niður í 6,22 kg/stöðugildi. Birgðatalning á salernis pappír og handþurrkum fyrir salerni fór fram í lok árs 2012 og var tekið tillit til hennar í grænu bókhaldi fyrir árið 2013. Allur salernis pappír, handþurrkur og eldhúsrúllur eru umhverfismerktar. Upplýsingar um magn salernispappírs og handþurrka hafa ekki verið teknar saman á starfsstöðvum úti á landi. Árið 2013 var ein rafmagnshandþurrka keypt á salerni á 5. hæð.

Samantekt helstu niðurstöður

Hreinsiefni notuð hjá Umhverfisstofnun eru nánast öll umhverfismerkt. Á starfsstöð á Egilsstöðum hefur þó ekki verið gætt að því að eingöngu séu notaðar umhverfismerktar hreinsivörur. Allur pappír sem notaður er hjá stofnuninni er umhverfismerktur.

Prenthyllkin sem eru 0,3 stk á stöðugildi voru ekki umhverfismerkt, en óveruleg prentun er á þeim prenturum þar sem stærsti hluti útprentunar fer fram á nýrri prentlausn sem hefur vaxprenthyllki sem eru umhverfisvæn.

Eingöngu eitt prentverk var prentað hjá óvottaðri prentstofu og verður það prentverk flutt til Svansvottaðrar prentsmiðju árið 2014.

Ávallt er horft til umhverfisvænni kosts þegar keypt eru inn tæknibúnaður þegar þess er kostur og verður því áfram haldið. Einnig er reynt að nýta þann húsbúnað sem til er til að mæta þörfum starfsfólks og keypt notað þegar það býðst.

Stefna fyrir næsta ár

Vinna markvisst að minnkun notkunar á pappír með upplýsingagjöf til notenda. Stefnt að amk. 15% minnkun.

Hreinsivörur notaðar við þrif á starfsstöðvum stofnunarinnar séu umhverfismerktar.

Ferðalög

Markmið

Að bjóða upp á fræðslu til að auka enn frekar vægi umhverfissvænni ferðamáta.

Umfjöllun um niðurstöður

Akstur

Starfsfólk var hvatt til að nota metanbíl stofnunarinnar meira fyrir starfsemi Suðurlandsbrautar í stað leigubíla í sparnaðar- og umhverfisskyni. Áfram var boðið upp á samgöngusamning fyrir ferðir til og frá vinnu en einnig hjólasamning fyrir ferðir á vinnutíma, sjá nánar í köflum þar um. Þá á stofnunin tvö reiðhjól sem starfsfólki gefst kostur á að nýta til styttri ferða í stað leigubíla. Reiðhjól stofnunarinnar eru lítið sem ekkert notuð en líklegt má telja að þeir sem nýti sér þennan ferðakost noti eigin hjól. Starfsfólki gefst einnig kostur á að taka strætó og er sá ferðakostur töluvert notaður, en ekki eru skráningar á notkun hans.

Losun á CO₂ gasi er reiknuð út frá eignum kílómetrum og er miðað við meðalútbástursgildi nýskráðra bíla, 142 g CO₂ á hvern ekinn km fyrir leigubíla og bílaleigubíla. Meðalútbástursgildi nýskráðra bíla er fengið á vef Orkusetursins. Bíll stofnunarinnar í Reykjavík er nýlegur og er stuðst við sama útbástursgildi fyrir hann og var notað í fyrra eða 158 g CO₂. Losun á CO₂ gasi af pallbíl Látrastofu er 231 g CO₂ á hvern ekinn km, á Toyota Prius bíl Snæfellsjökulspjóðgarðs er losun 104 g CO₂ á hvern ekinn km. Á árinu voru tvær bifreiðir teknar, annars vegar Toyota HiLux fyrir landvörslu á Suðurlandi og Miðhálandi og er losun þeirrar bifreiðar 193 g CO₂ á hvern ekinn km. hins vegar Nissan Pathfinder fyrir Mývatn og er losun bifreiðar 238 g CO₂ á hvern ekinn km.

Í ár voru upplýsingar um notkun stofnunarinnar á leigubílum eingöngu rafrænar þar sem tekin voru upp rafræn viðskipti árið 2011 við leigubílastöð sem stofnunin er í viðskiptum við.

Notkun leigubíla minnkaði um 11 km á stöðugildi á milli ára sem að hluta til má rekja til meiri notkunar á bílum stofnunarinnar.

Notkun bílaleigubíla dróst saman um nær 8,5% á milli ára sem rekja má að hluta til stækkunar á bílaeign stofnunarinnar. Heildarkílómetrafjöldi ársins var þó meiri en árið áður eða 43.631 árið 2013 en var 38.141 árið 2012.

Örðugt er að áætla fjölda símafunda þar sem skráningar þeirra eru ekki viðhafðaren starfsfólk er ávallt hvatt til að halda símafundi þegar því verður við komið. Fjarfundabúnaður hefur einnig verið endurnýjaður í öllum fundarsölum og eru til að mynda allir starfsmannafundir sendir út í gegnum vefinn, teknir upp og vistaðir á innri vef.

Heildarlosun CO₂ (t/stöðugildi) jókst úr 0,162 í 0,202. Ástæða þess er að VW Passat var ekki inn í tölum 2012 0,017 CO₂ og við bætist CO₂ notkun nýju bifreiðana sem var 0,061. En þrátt fyrir þessar ástæður hefur heildarlosun á stöðugildi aukist á milli ára.

Flug

Upplýsingar um ferðalög eru nú gefnar upp í km á hvert stöðugildi en í fyrri skýrslum var eingöngu gefinn upp heildarfjöldi klukkustunda og losun koltvísýrings. Samtals voru flognir rúmir 490 þúsund km þar af rúmir 410 þúsund í millilandaflugi og 80 þúsund í innanlandsflugi. Gera þetta tæpir 8.700 km á hvert stöðugildi og 6.600 tonn koltvísýrings á hvert stöðugildi.

Vegna breytinga á aðferðarfræði við útreikning á flugferðum er ekki hægt að bera saman tölur úr skýrslunni 2012 við upplýsingar frá 2013. En auðvelt er að reikna fjölda klukkutíma í flugi fyrir árið 2013 og fá þannig hugmynd um hvort umfang flugferða eykst eða minnkar milli ára. Flugferðir innanlands og erlendis á hvern starfsmann voru 12 klst árið 2012 en þeim fækkaði um rúmlega tvær stundir árið 2013 og voru tæpar tíu. Breytingar á aðferðarfræði eru vegna þess að mælieiningar á vinn.is eru aðrar en Umhverfisstofnun notaði áður.

Samgöngusamningur

Umhverfisstofnun býður starfsmönnum sínum að gera samgöngusamning sem hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvænan samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað. Það starfsfólk sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti að jafnaði; í strætó, gangandi eða hjólandi á rétt á árlegum samgöngustyrk frá stofnuninni. Stofnunin greiðir árskort í strætisvagn eða andvirði þess gegn framvísun reiknings fyrir útlögðum kostnaði vegna göngu eða hjólreiða. Árið 2013 nýttu 13 manns sér samgöngusamning sem er töluvert minna en árið á undan þegar 32 starfsmenn skrifuðu undir slíkan samning.

Hjólreiðasamningur

Vorið 2011 bauð Umhverfisstofnun starfsmönnum upp á hjólreiðasamning sem lýtur að ferðum starfsmanna í þágu stofnunarinnar en ekki í og úr vinnu eins og samgöngusamningurinn. Markmið samningsins er að minnka losun mengandi efna vegna ferða starfsmanna og stuðla að umhverfisvænum ferðamáta þeirra. Starfsmenn skuldbinda sig til þess að ferðast almennt á reiðhjól styttri vegalengdir í þágu stofnunarinnar svo sem á fundi eða önnur vinnutengd erindi. Samningurinn kveður á um að starfsmenn fari kringum 12 ferðir á ári og stofnunin borgar hverjum starfsmanni 3.000 kr. á mánuði. Hver starfsmaður þarf svo að halda hjóladagbók þar sem skráðar eru upplýsingar um hjólaferðirnar til að mæla árangur samningsins. Árið 2013 voru alls 13 starfsmenn með hjólreiðasamning sem er margföld hækkun frá árinu áður þegar aðeins fjórir starfsmenn hjóluðu eftir slíkum samningi.

Markmið fyrir 2014

Starfsmenn verði hvattir til að nota bíl stofnunarinnar meira en gert er vegna niðurstaðna Umhverfisskýrslu 2012 um notkun leigubíla þegar bíll stofnunarinnar var inni. Kynna samgöngusamning og hjólréiðasamning fyrir starfsmönnum til auka hlutfall starfsmanna um 10% á samgöngusamningum og halda góðum árangri á hjólréiðasamningum. Skoða möguleika á fjölbreyttari samgöngusamningum, t.d. til skemmri tíma.

Úrgangur og flokkun

Markmið

Markmiðið er að tryggja að viðhalda góðum árangri í hlutfalli flokkaðs úrgangs. Vigtun á óflokkuðum úrgangi verði færð til þjónustuaðila.

Umfjöllun um niðurstöður

Niðurstöðurnar sem kynntar eru hér að neðan ná til höfuðstöðva stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 24 í Reykjavík, þar sem um 75% af starfsmönnum eru staðsettir.

Á níu minni starfstöðvum, sem stofnunin rekur víða um land, er úrgangur yfirleitt flokkaður til endurvinnslu, en ekki liggja fyrir sundurliðuð gögn frá hverri og einni starfstöð, vegna þess að flokkunin er sameiginleg með öðrum aðilum sem þær deila húsnæði með.

Þjónustusamningi við Íslenska gámafélagið ehf um losun á Suðurlandsbraut 24 var sagt upp um áramótin 2012-13 og samið við Gámaþjónustuna hf í staðinn þannig að á árinu 2013 komu tveir þjónustuaðilar að því að taka við úrgangi frá starfstöð stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 24. Samhliða þessum skiptum varð sú breyting að aðilinn sem tók við vigtar nú allan óflokkaðan úrgang um leið og hann er losaður, en áður hvíldi á herðum ræstingafólks að vigta sjálft óflokkaða úrganginn áður en hann var losaður í sameiginlegan gám fyrir óflokkaðan úrgang sem fer í urðun.

Heildarmagn úrgangs frá Suðurlandsbraut 24 á árinu 2013 reyndist vera 5267 kg og dróst hann saman um 1247 kg samanborið við árið á undan þrátt fyrir fjölgun ársverka úr 55 upp í 57. Magn úrgangs á hvert ársverk lækkar því milli ára úr 118 kg niður í 93 sem er 19 % samdráttur (5. tafla).

Árangur við flokkun úrgangs á árinu 2013 var svipaður og árið áður, en alls náðist að flokka rúm 92% af þeim úrgangi sem féll til á árinu 2013 samanborið við 93% árið áður. Það markmið að halda óflokkuðum úrgangi undir 10% á árinu 2013 náðist því og rúmlega það. Enn sem fyrr er Umhverfisstofnun að standa sig umtalsvert betur en Norska umhverfisstofnunin, systurstofnun okkar í Noregi, en þar var hlutfall óflokkaðs úrgangs 18 % og heildarúrgangur á hvert ársverk ríflega tvöfalt meiri hjá Umhverfisstofnun.

Tafla 4: Yfirlit yfir úrgang frá Umhverfisstofnun á Suðurlandsbraut 24 fyrir árin 2011, 2012 og 2013 með samanburði við Norsku umhverfisstofnunina (KLIF) fyrir viðmiðunarárið 2012.

| | Úrgangur (kg/ári) | | | Úrgangur (kg/ársverk) | | | |
|---------------------------------------|-------------------|-------|-------|-----------------------|------|------|--------------|
| | 2011 | 2012 | 2013 | 2011 | 2012 | 2013 | KLIF 2012 |
| Ársverk | | | | 61 | 55 | 57 | 350 |
| Úrgangur alls | 6.384 | 6.514 | 5.267 | 105 | 118 | 93 | 226 |
| ... Þar af flokkaður úrgangur, kg | 6.203 | 6.080 | 4.851 | 91 | 110 | 86 | 185 |
|þar af óflokkaður úrgangur, kg/% | 181 | 434 | 416 | 3% | 7% | 8% | 18% |

Varðandi það markmið að draga úr notkun einnota plastumbúða fyrir mjólkurvörur sem seldar eru í mötuneytinu er því til að svara, að eftir skoðun á því hvaða úrræðum væri hægt að beita í því skyni var fallið frá því að hrinda þessu í framkvæmd. Þetta hefði kallað á það að nota stærri umbúðir undir mjólkurvörurnar, til dæmis 0,5 og 1,0 lítra fernur, sem myndu standa opnar í kæliborði sem notað er undir þær auk þess sem þetta fyrirkomulag myndi kalla á meðferð á morgunkorni og öðru meðlæti í lausu formi. Niðurstaðan varð sem sagt sú að þetta yrði of flókið í framkvæmd og búast mætti við að það stæðist ekki kröfur sem settar er til umgengni og þrifnaðar í mötuneytinu við núverandi aðstæður.


Áhugavert getur verið að skoða hvernig úrgangurinn skiptist í úrgangsflokka og á 7. mynd má sjá samanburð milli árána 2011, 2012 og 2013 hvað þetta varðar á starfsstöð stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 24. Langmest af úrgangi, eða um ¾-hlutar, fellur í tvo álíka stóra flokka eins og áður, það er að segja lífrænt efni til jarðgerðar og flokkaður úrgangur til endurvinnslu. Í flokkinn úrgangur til endurvinnslu fer allur pappír (annar en gæðapappír), bylgjupappi og sléttur pappi, plast, málmar, fernur og fleira. Gæðapappír er síðan í þriðja sæti, en þar var losun upp á 1,025 tonn á árinu 2013, sem er raunar 10% samdráttur frá fyrra ári.

Óflokkaður úrgangur er fjórði stærsti flokkurinn eins og áður og reynist hann vera 414 kg á árinu 2013, sem er ríflega samdráttur um 4 % á milli ára.

Engin spilliefni fóru frá stofnuninni á árinu 2013 en í þennan flokk falla fyrst og fermst rafhlöður. Spilliefnunum er safnað saman og beðið um losun þegar magnið er orðið það mikið að ástæða þykir til. Af þeim sökum getur það hæglega gerst að engin losun eigi sér stað á því almanaksári sem er til

skoðunar hverju sinni en hafi kannski átt sér stað tvisvar sinnu á árinu áður.

Úrgangsflokkar árin 2011, 2012 og 2013



Mynd 8: Skipting úrgangs eftir flokkum (kg) frá Umhverfisstofnun á Suðurlandsbraut 24 fyrir 2011, 2012 og 2013.

Ef reynt er að taka saman í stuttu máli stöðuna varðandi meðferð úrgangs hjá stofnuninni má segja að nokkur jákvæð teikn séu á lofti. Ber þar helst að nefna, að heildarmagn úrgangs hefur dregist saman á milli ára, markmið um hlutfall óflokkaðs úrgangs náðust og umsýsla vegna losunar hefur verið endurbætt.

Markmið fyrir næsta ár

1. Að viðhalda eða bæta þann góða árangur sem náðst hefur í flokkun úrgangs á umhverfisstofnun.
2. Að fylgjast með raftækjaúrgangi frá stofnuninni og taka saman yfirlit yfir losun hans.

Fræðsla og skilvirkni

Markmið

Í byrjun hvers árs eru settar áherslur og markmið fyrir umhverfisstarf stofnunarinnar. Árið 2013 var sérstök áhersla lögð á tvö stór verkefni, annars vegar fræðslu til starfsmanna og hins vegar flutning á grænu bókhaldi til rekstrarteymis.

Skipulagsbreytingar og ábyrgð á grænu bókhaldi

Skipulagsbreytingar innan stofnunarinnar gáfu tækifæri til endurskoðunar á umhverfisstarfinu. Eftir miklar vangaveltur var ákveðið að færa ábyrgð á grænu bókhaldi yfir á nýstofnað rekstrarteymi. Þetta fyrirkomulag færir starfið nær þeim aðilum sem gegna stærstum hlutverkum í innkaupum og almennum rekstri og rekstrarteymið fær með aukinni ábyrgð betri yfirsýn yfir umhverfismálin í daglegu starfi. Umhverfishópnum var í framhaldi breytt í umhverfisráð sem nú mun öðru fremur vinna úr upplýsingum úr grænu bókhaldi og vinna með hugmyndir um hvernig hægt er að ganga enn lengra í umhverfisstarfi. Grænt bókhald var nú í seinasta skipti unnið af umhverfisráðinu, en í náinni samvinnu við þá aðila í rekstrarteymi sem taka munu alfarið við verkefninu á árinu 2014.

Fræðsla til starfsmanna

Lögð var mikil áhersla á fræðslu til starfsmanna þetta árið en til að ná árangri í umhverfisstarfi er nauðsynlegt að allir starfsmenn séu vel með á nótunum um hver markmið starfsins eru, hver beri ábyrgð á einstaka þáttum þess og hvernig rétt er að bera sig að í daglegu starfi.

Ákveðið var að annan hvern starfsmannafund yrði boðið upp á fræðslu um umhverfismál. Alls voru haldnir sex starfsmannafundir á seinasta ári en á tveim þeirra var innlegg um umhverfisstarf stofnunarinnar. Í annað skiptið var rætt um nýtt umhverfisráð og breytt fyrirkomulag á grænu bókhaldi en á hinum fundinum var farið yfir flokkun úrgangs en vegna veikinda fluttist umfjöllun um pappírnotkun yfir til fyrsta fundar ársins 2014.

Innkaupaaðilum, starfsmönnum á gestastofum og starfsmönnum þjóðgarða var boðið á sérstakan fræðslufund í apríl þar sem lögð var sérstök áhersla á vistvæn innkaup og hvaða leiðir innkaupaaðilar gætu farið til að auka hlutfall umhverfismerkra vara. Þessi fræðsla miðaði sérstaklega að því að auka hlut umhverfismerkrar vöru og þjónustu í innkaupum stofnunarinnar um land allt en var jafnframt liður í stækkun á umfangi kerfisins.

Að lokum kom fulltrúi Gámaþjónustunar í heimsókn á Umhverfisstofnun og var með fræðslu til starfsmanna um plastúrgang. Lagði hann áherslu á hvernig tekið er á móti þess konar úrgangi til endurvinnslu og hvað verður um plastið sem við söfnum. Mikil ánægja var með erindið sem þótti afar fræðandi og skemmtilegt.

Markmið fyrir næsta ár

Starfsmenn fái reglulega að heyra af umhverfisstarfi stofnunarinnar. Umhverfishópurinn verði með erindi annan hvern starfsmannafund.

samantekt

Helstu niðurstöður

Mikilvægt skref var tekið á árinu í að flytja ábyrgð á færslu græns bókhalds nær uppruna ákvarðana um innkaup, þ.e. á rekstrarteymi. Við gerð umhverfisskýrslu kom í ljós að enn má gera betur í þeim efnum. Töluverður tími umhverfisráðs hefur legið í samantekt og eftirfylgni með grænu bókhaldi og er það markmið ráðsins að augin tími gefist til sérstakra átaksverkefna á komandi árum.

- Grænt bókhald sýnir skýrt hve stór hluti snjóbræðslan er af heildarnotkun. Mikil rafmagnsnotkun á 5. hæðinni endurspeglar það að mötuneyti stofnunarinnar er staðsett á þeirri hæð með tilheyrandi orkufrekum tækjabúnaði.
- Tilkoma nýrra prentara vegna innleiðingar nýrrar prentþjónustu er meginástæða fyrir góðum árangri í minnkun í innkaupum á prenthylkjum, frá 0,6 prenthylki á stöðugildi 2012 niður í 0,3 hylki á stöðugildi 2013.
- Minni fjárheimildum til tækjakaupa má þakka árangri í minni innkaupum á tækjakosti árið 2013 þar sem 0,62 tækjum/stöðugildi á árinu 2012 yfir í 0,38 á stöðugildi 2013.
- Aukning var á magni á innkaupum á hreinsivörum frá árinu 2012 en samanburður á magni hreinsivara á milli áranna 2012 og 2013 sýnir að meira hafi verið notað af hreinsivörum á hvert stöðugildi árið 2013 eða 3,17 kg/stöðugildi á móti 2,22 kg/stöðugildi árið 2012. Munur á notkun hreinsivara á hvert stöðugildi á milli áranna 2012 og 2013 skýrist líklega að mestu leyti í því að litlar birgðir voru til frá árinu á undan en ekki af minni notkunar á þessum efnum. Í þessum samanburði eru ekki teknar með vörur notaðar hjá ISS því að magntölum hreinsivara hjá þeim var fyrst hægt að fá fyrir árið 2013.
- Umhverfisstofnun rekur starfsemi út um allt land og eru ferðalög nauðsynlegur hluti af vinnu fjölmargra starfsmanna stofnunarinnar. Áhersla er lögð á fjarfundi þegar því er við komið, eigin bílar stofnunarinnar eru að hluta til reknir á umhverfisvænu eldsneyti og umhverfisvænir leigubílar eru pantaðir til stofnunarinnar. Flugferðum innanlands og erlendis hefur fækkað frá árinu 2012 úr 12 klst árið 2012 í tæpar tíu árið 2013. Heildarlosun CO₂ árið 2013 var 6,95 á hvert stöðugildi.
- Töluverður árangur varð af áherslu á að starfsmenn nýttu umhverfisvænan samgöngumáta í vinnunni, þar sem árið 2013 voru alls 13 starfsmenn með hjólreiðasamning sem er margföld hækkun frá árinu áður þegar aðeins fjórir starfsmenn hjóluðu eftir slíkum samning.
- Töluverður árangur varð í úrgangsmálum stofnunarinnar á árinu þar sem heildarmagn úrgangs frá Suðurlandsbraut 24 á árinu 2013 dróst hann saman um 1247 kg samanborið við árið á undan þrátt fyrir fjölgun ársverka úr 55 upp í 57. Magn úrgangs á hvert ársverk lækkar því milli ára úr 118 kg niður í 93 sem er 19 % samdráttur. Jákvæð teikn eru á lofti og þar sem einnig náðist sett markmið um hlutfall óflokkaðs úrgangs og umsýsla vegna losunar hefur verið endurbætt.

Áætlun fyrir 2014

Umhverfisstefna Umhverfisstofnunar er skýr og felst m.a. í því að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum. Árlega er farið yfir umhverfisstefnu og greiningu umhverfisþátta. Litlar breytingar voru gerðar; umhverfisstefnan óbreytt og örlitlar breytingar á tveim umhverfisþáttum. Við yfirferð og niðurstöður græns bókhalds voru settar áherslur fyrir árið 2014 til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar.

Eftirfarandi áherslur hafa verið lagðar:

- Nýta yfirlitið frá grænu bókhaldi betur innan rekstrarteymis stofnunarinnar til að fylgjast með og bregðast við frávikum.
- Auka fræðslu og vitundarvakningu meðal starfsmanna um mikilvægi þess að fara sparlega með rafmagn og heitt vatn.
- Eingöngu prentað í gegnum nýja prentlausn og staðan kynnt á starfsmannafundi tvisvar yfir árið. Stefnt að amk. 15% minnkun á pappírnotkun.
- Stórir kortaprentarar seldir og útprentun á stærri viðfangsefnum útvistuð.
- Hreinsivörur notaðar við þrif á starfsstöðvum stofnunarinnar séu umhverfismerktar.
- Starfsmenn verði hvattir til að nota bíl stofnunarinnar meira en gert er vegna niðurstaðna Umhverfisskýrslu 2012 um notkun leigubíla þegar bíll stofnunarinnar var inni.
- Kynna samgöngusamning og hjólreiðasamning fyrir starfsmönnum.
- Skoða möguleika á fjölbreyttari samgöngusamningum, t.d. til skemmri tíma. Auka notkun samgöngusamnings um 10%.
- Að viðhalda eða bæta þann góða árangur sem náðst hefur í flokkun úrgangs á umhverfisstofnun.
- Að fylgjast með raftækjaúrgangi frá stofnuninni og taka saman yfirlit yfir losun hans.